



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Heilbrigðisráðuneytið  
Síðumúla 24  
108 Reykjavík

Reykjavík 11. janúar 2023

2212032SA KB  
Málalykill: 00.64

### **Efni: Umsögn um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum, S-247/2022**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 15. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum.

Aðgerðaáætlunin byggir á þingsályktun um stefnu í geðheilbrigðismálum sem samþykkt var á Alþingi á síðasta ári. Þar er að finna 25 aðgerðir, með skilgreindum ábyrgðar- og samstarfsaðilum, sem eiga að koma til framkvæmda árin 2023-2027. Varðandi fjármögnun segir í tillögunni að gert verði ráð fyrir framkvæmdinni við gerð fjárlaga ár hvert.


Sambandið er mjög fylgjandi þeirri auknu áherslu sem lögð hefur verið á geðheilbrigðismál undanfarin ár og skilaði m.a. jákvæðri [umsögn](#) um fyrrgreinda þingsályktun um stefnu í geðheilbrigðismálum. Sambandið leggur áfram áherslu á þær ábendingar sem komu fram í umsögninni m.a. um geðrækt í skólum, samvinnu og samþættingu í málaflokknum, þörf fyrir aukna mönnun, aðgengi að þjónustu óháð búsetu og skýrri ábyrgðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Þá vekur sambandið athygli á að í nýrri [stefnu](#) sambandsins til næstu fjögurra ára er að finna eftirfarandi áherslu:

*“Sambandið beiti sér fyrir samstarfi ríkis og sveitarfélaga hvað varðar geðrækt barna og unglinga. Áhersla verði lögð á forvarnir og aðgengi fyrir öll börn í vanda að nauðsynlegum úrræðum og sérfræðþjónustu.”*

Heilt yfir er sambandið sátt við þær aðgerðir sem finna má í þingsályktuninni. Hins vegar telur sambandið að útfæra þurfi betur aðkomu þess eða sveitarfélaga að einstökum aðgerðum. Stundum eru sveitarfélögin ekki nefnd sem samstarfsaðilar þar sem þau þurfa klárlega að koma að málum en sem dæmi um það má nefna aðgerðir 1.A.2, 1.A.6, 2.A.a og 2.A.2. Hvað varðar aðgerð 1.A.3. er Samband íslenskra sveitarfélaga tilgreint sem ábyrgðaraðili, án þess að aðkoma sambandsins hafi verið rædd við það. Þá er stundum vísað til sveitarfélaga í heild, stundum til grunnskóla eða skólþjónustu og stundum félagsþjónustu sveitarfélaga. Að mati sambandsins þarf því að fara betur yfir aðkomu sveitarfélaganna enda afar mikilvægt, og í anda markmiðs tillögunnar um náð samráð milli m.a. ríkis og sveitarfélaga, að ábyrgð og samstarf sé skýrt.

Með vísan til framangreinds óskar sambandið því eftir fundi með ráðuneytinu svo hægt sé að útfæra betur aðkomu sambandsins og sveitarfélaga að þeirri mikilvægu vinnu sem framundan er. Tengiliður sambandsins vegna þessa fundar er Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri